

Fréttabréf Dropans

mars 2010

1. tbl. 14. árg.

Fræðslufundur 14. mars, kl. 16:00-18:30

Dagsetning: Sunnudaginn 14. mars, kl. 16:00 – 18:30.
Staður: Setbergsskóli í Hafnarfirði, gengið inn um aðalinngang.
Dagskrá: Næringarfræðingurinn Anna Sigríður, fjallar um mataræði barna með sykursýki.
Hálfðan formaður stýrir almennri umræðu um hreyfingu. Hvatning til allra um að byrja að æfa sig og setja sér markmið.
Ingó veðurguð mætir á svæðið og tekur nokkur lög.
Veitingar í boði Dropans.

Vinsamlegst sendið upplýsingar um fjölda þátttakenda á freyja38@mi.is fyrir 11.mars.

Unglingahelgi um hvítasunnuna 2010 fyrir unglinga frá 14 ára aldri (f. 1996 og eldri)

-unglingar lesið þetta... og takið helgina frá

Drög að dagskrá:

Lagt verður af stað fimmtudaginn 20. maí, kl 17:00 frá Mjóddinni og haldið vestur á Þingeyri og Júlli heimsóttur. Gist á Þingeyri. Margt skemmtilegt verður brallað, en dagskráin auglýst síðar. Áætluð heimkoma er seinnipart mánudagsins 24. maí.

Skráning hjá Þórunni Árnadóttur, 421 3746, thorunn.arnadottir@kefairport.is
Þátttökugjald er 30.000 kr. Samtök sykursjúkra niðurgreiða gjaldið um helming.

Sumarbúðir – 2010 fyrir 8–13 ára börn (1997-2002). Skráning hefst núna!

Sumarið 2010 verða sumarbúðir eins og áður, að Löngumýri í Skagafirði 10.-14. júní, fyrir börn 8–13 ára, fædd 1997-2002. Frá og með útgáfu þessa blaðs hefst skráning. Búast má við mikilli aðsókn og gæti svo farið að ekki komist allir að. Því þurfa þeir sem hafa áhuga á þátttöku að sækja um sem fyrst. Umsóknin þarf að innihalda nafn barns og aldur, nafn móður og/eða föður, netfang og símanúmer.

Skráning hjá Þórunni Árnadóttur, s:421 3746, thorunn.arnadottir@kefairport.is
Þátttökugjald í sumarbúðirnar er 20.000 kr. Samtök sykursjúkra niðurgreiða gjaldið um helming eftir á til einstaklinga gegn framvísun greiðslukvittunar.

Styrkur vegna líkamsræktar

Sjá nánar á heimasíðu Dropans, www.dropinn.is

Sálfræðipjónusta á vegum Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum

Það er öllum afar erfitt að standa frammi fyrir alvarlegum veikindum barna sinna. Umhyggja býður fjölskyldum barna í aðildarfélögum sínum upp á viðtöl við sálfræðing. Nánari upplýsingar og tímapantanir hjá Umhyggju í síma 552 4242.

Sendandi: Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki
Pósthólf 513
222 Hafnarfirði
www.dropinn.is
dropinn@internet.is